

AGC ehf.
Gunnlaugur Friðbjarnarson
Bólstaðahlíð 62
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. júlí 2011

Tilvísun: 201106029 / 5.2

Efni: Lífalkóhól- og glýkólverksmiðja við Helguvík, Reykjanesbæ.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu AGC ehf. að matsáætlun um lífalkóhól- og glýkólverksmiðja við Helguvík, Reykjanesbæ.

AGC ehf. sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 27. júní 2011 ásamt tillögu að matsáætlun:

Atlantic Green Chemicals. Lífalkóhól- og glýkólverksmiðja við Helguvíkurbönd, Reykjanesbæ. AGS ehf. júní 2011.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Reykjanesbæ, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Mannvirkjastofnun, Umhverfisstofnun og Vinnueftirliti ríkisins. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Reykjanesbæ með bréfi dags 11. júlí 2011, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags 19. júlí 2011, Mannvirkjastofnun með bréfi dags 6. júlí 2011, Umhverfisstofnun með bréfi dags 13. júlí 2011 og Vinnueftirliti ríkisins með bréfi dags 12. júlí 2011. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með tölvupósti dags. 24. apríl 2011.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu AGC ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni.

Skipulagsstofnun vill benda á að ferli mats á umhverfisáhrifum er m.a. ætlað til þess að undirbyggja ákvörðun um það hvort fyrirhuguð staðsetning er hentug fyrir þá starfsemi sem er til umfjöllunar hverju sinni. Í því tilviki sem hér um ræðir er megin áhersla á að fyrir liggi nægilegar upplýsingar um öryggismál, m.a. vegna nálægðar við þéttbýli.

Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með hliðsjón af ábendingum sem AGC ehf. setti fram í tölvupósti dags. 24. júlí 2011 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í kafla 2.1.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um efnis- og orkustrauma og kafla 2.4 um efnaöryggi.

Í frummatsskýrslu þarf að koma fram, sbr. umsögn Vinnueftirlitsins og reglugerð nr. 160/2007 um hættu á stórslysum af völdum efna hversu mikið magn er áætlað að geyma af hráefnum og/eða afurðum hverju sinni. Á það einnig við um vetni. Skýrt þarf að koma fram

hvort framkvæmdin falli undir ákvæði reglugerðarinnar og eftir því sem við á niðurstöður hættumats ef þær liggja fyrir eða hvenær það muni fara fram. Janframt komi fram í frummatsskýrslu hvernig og í samráði við hvaða aðila, tekið hafi verið mið af stórslysahættu þegar staðsetning verksmiðjunnar var ákveðin samkvæmt 1. mgr. 39. gr. reglugerðarinnar.

Í frummatsskýrslu þarf að koma fram sbr. umsögn Mannvirkjastofnunar að samráð hafi verið haft við slökkvilið sveitarfélagsins, hvaða gögn því voru kynnt um efni og magn þeirra sem verða notuð og geymd á umráðasvæði fyrirtækisins og áhrif þess á slökkvistarf sbr. 22. gr. brunamálalaga. Æskilegt er að fram komi hvernig sveitarfélagið ætlar að tryggja að til sé sá búnaður og þjálfun sem þarf til að fást við þau hættulegu efni sem verða notuð og framleidd í verksmiðjunni. Fram þarf að koma að við hönnun verði byggt á áhættugreiningu á rekstri og öllum flutningum til og frá verksmiðjunni.

Í frummatsskýrslu komi fram, sbr. umsögn Umhverfisstofnunar, með tilliti til öryggismála frekari upplýsingar um eðli umframefnis, hvarfakúta, gerjunartanks og geyma fyrir metangas. Greinargóð lýsing verði á staðsetningu, eðli og öryggi geymslurýma verksmiðjunnar fyrir hjálparefni. Einnig verði í frummatsskýrslu gerð nánari grein fyrir fyrirhuguðum leiðum til útskipunar, eðli og framkvæmd þeirra.

Í kafla 2.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um byggingar. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram, sbr. umsögn Umhverfisstofnunar, eftir því sem kostur er upplýsingar um umfang bygginga svo sem hæð og lögun og lýst á hvern hátt sé stefnt að því við hönnun að fella þær sem best að svipmóti umhverfisins.

Í kafla 4.3 er fjallað um gróður, í kafla 4.5 um dýralíf og í kafla 4.6 um menningarminjar. Í frummatsskýrslu þarf ekki að fjalla nánar um þessa umhverfisþætti eða áhrif framkvæmdarinnar á þá en fram kemur í tillögu að matsáætlun.

Skipulag og leyfi

Í kafla 1.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um leyfi og matsskyldu. Bent er á að varðandi tilvísun í lög um veitingu framkvæmdaleyfis að þá er það veitt skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í frummatsskýrslu þarf að koma fram, auk þess sem talið er upp í kafla 1.2, að fyrirtækinu ber að sækja um starfsleyfi til Vinnueftirlitsins skv. 95. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í kafla 1.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um kynningu og samráð og þar á tilvísun að vera í skipulagslög nr. 123/2010.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla 4.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um frárennsli. Í frummatsskýrslu þarf, sbr. umsögn Umhverfisstofnunar, að koma fram hvert verður hitastig kælivatns þegar það fer út í sjó auk pH gildis og efnasamsetningar frárennslisins. Eftir því sem við á þarf að fjalla í frummatsskýrslu um möguleg áhrif kælivatns og frárennslis á viðtakann.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Reykjanesbær, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Mannvirkjastofnun, Umhverfisstofnun og Vinnueftirliti ríkisins